



Skólaskrifstofa Austurlands

Búðareyri 4, 730 Reyðarfjörður

Bættur námsárangur á Austurlandi

3. bekkur

TALNALKILL – skimun í stærðfræði

6. – 13. nóvember 2017

Ágætu foreldrar/forráðamenn!

Áfram höldum við með verkefnið okkar Bættur námsárangur á Austurlandi¹, sem er verkefni til að efla lestur og stærðfræðipekkingu barna í fjórðungnum. Verkefnið er hugsað sem fimm ára ferli til að bæta námsárangur nemenda á Austurlandi. Áherslan er fyrstu árin á læsi og reikniaðgerðirnar fjórar.

Skimað verður í **lestri** og **stærðfræði** í 3. bekk. Kennsluráðgjafar Skólaskrifstofu Austurlands munu sjá um að leggja skimanirnar fyrir.

Í **nóvember** verður skimað fyrir **stærðfræðierfiðleikum** en í **janúar** fyrir **lestrarerfiðleikum**, upplýsingar varðandi það kemur síðar.

Í **stærðfræði** verður skimað eftir erfiðleikum í reikningsaðgerðunum fjórum með fyrirlögn hluta úr prófinu Talnalykill. Talnalykill er greinandi stærðfræðipróf sem gefið er út af Námsmatsstofnun.

Niðurstöðum skimana verður skilað til umsjónarkennara, sérkennara og skólastjóra á sérstökum fundi og í framhaldi af þeim fundi fá foreldrar upplýsingar sendar um stöðu barna sinna í lestri, stafsetningu og reikningsaðgerðunum fjórum.

Gert er ráð fyrir góðu samstarfi við foreldra vegna heimalesturs og þjálfun í stærðfræði í framhaldi af skimunum.



¹ Sjá umfjöllun um verkefnið inn á skolaust.is.

Með bestu kveðju
Jarprúður Ólafsdóttir
Björg Þorvaldsdóttir
Kennsluráðgjafar
Skólaskrifstofa Austurlands
Búðareyri 4 - 740 Reyðarfirði
Sími: 4705050
jarth@skolaust.is
bjorg@skolaust.is